

Skólaráðsfundur nr. 1

4. nóvember 2021

Viðstaddir:

Berglind Axelsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Kristján Hildibrandsson, Snæbjört Gestdóttir, Dagný Hermannsdóttir og Ragnheiður Sveinsdóttir (ritaði fundargerð)

Dagskrá:

1. Upphaf skólastarf þetta skólaárið
 - a. Skólastarfið hefur farið vel af stað. Góðar breytingar með nýjum stjórnendum. Lítur vel út. Náðist að manna allar stöður og var hægt að velja úr umsóknum. Allir með kennsluréttindi eða í námi nema einn leiðbeinandi. Miklar breytingar síðustu ár á starfsmönnum. Algjör kynslóðaskipti.
 - b. Samstafið við tónlistarskólann byrjar ágætlega, er verið að þreifa sig áfram og kemur Kristjón vel inn sem deilarstjóri tónlistarskólans. Mikil tækifæri í sameiningu.
2. Starfsáætlun skólans
 - a. Uppfærðum vel fyrir þetta skólaár. Farið var hratt yfir áætlunina en upplýst um hvernig hlutirnir virka. Hægt að skoða betur á heimasíðu skólans.
3. Starfsáætlun skólaráðs
 - a. Vangaveltur um tímasetningu funda, vilja breyta fundatíma yfir í 17:15 og spurningum að hitta á dag sem hentar. Einnig fjallaði Berglind um skyldur skólaráðs og bendir á gögn sem eru á heimasíðu grunnskólans; Handbók um skólaráð fyrir skólaráð. Einnig var rætt um fyrirhugaðar breytingar á aga stefnu við skólann.
4. Skóladagatal yfirfarið

- a. Engar breytingar á skóladagatalinu nema samræmdu prófin falla niður þar sem menntamálastofnun er í endurskoðun á þeim prófum.
5. Sjálfsmatsskýrsla
 - a. Upplýst um sjálfsmat sem skólinn notar (innra mat), sem er Skólapúlsinn. Einnig er lagðar fyrir spurningar til starfsmannakönnuna. Hana gerir skólinn sjálfur og getur skólinn borið saman svör síðustu ára.
 - b. Skólastefnan sem var unninn árið 2015-2016 er notuð sem grunnpunktur í innramati skólans.
 6. Fjárhagsáætlun
 - a. Á hverju ári er farið yfir með bæjarráði um viðhald og það sem þarf að bæta við skólann. Staðan er ágæt, hins vegar hefur framkvæmd við klósettin í skólanum frestast en áætlað er að breyta þeim þannig að klefarnir eru lokaðir þannig skapast meiri friður. Eftir er að setja dúka á neðri og efri hæðina. Búið er að kaupa stóla og borð upp í 8 bekk og mun þetta verða klárað eftir áramót. Keyptar voru 5 tölvur í haust. Lyfta er áætluð árið 2022. En miðað við þetta erum við komið eftir á og eru einhverjar líkur á að lyftan frestast til 2023.
 7. Önnur mál
 - a. Rætt var um hugsanlegt ball sem er verið að skipuleggja fyrir unglingadeildina af nemendafélagi fjölbrautarskólans.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00

Verkefni	Ábyrgur	Staða

GSS – Fundargerð

